# Viðauki. Niðurstöður rannsóknar Stofnunar stjórnmála og stjórnsýslu meðal stjórnmálamanna, starfsmanna fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu Reykjavíkur – og samanburður við könnun Félagsvísindastofnunar þar sem við á

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála framkvæmdi eigin vefkönnun meðal 20 stjórnmálamanna (borgarfulltrúa og fyrstu varamanna), 15 starfsmanna miðlægrar stjórnsýslu og 30 starfsmanna fagsviða. Borgarstarfsmennirnir voru valdir af handahófi úr starfsmannaskrám. Niðurstöður könnunarinnar eru öruggastar varðandi svör stjórnmálamanna enda þar leitað til alls þýðisins, en gefa ákveðna vísbendingu um afstöðu borgarstarfsmanna.

## 1. Spurningar sem eru í báðum könnununum:

**Tafla 1: Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með eftirfarandi verkefni? (%)**

| | Frekar ánægð(ur) eða mjög ánægð(ur) | Hvorki né | Frekar óánægð(ur) eða mjög óánægð(ur) | Þekkir ekki | Alls | N |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Betri Reykjavík:** | | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **46,7** | 40,0 | 13,3 | 0,0 | 100 | 15 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **53,8** | 23,1 | 23,1 | 0,0 | 100 | 13 |
| Stm. fagsviða | **42,9** | 14,3 | **42,9** | 0,0 | 100 | 28 |
| Íbúar Reykjavíkur | **41,5** | 16,8 | 5,4 | 36,2 | 100 | 1.314 |
| **Betri hverfi:** | | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **66,7** | 26,7 | 6,7 | 0,0 | 100 | 15 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 30,8 | **46,2** | 23,1 | 0,0 | 100 | 13 |
| Stm. fagsviða | **52,0** | 28,0 | 20,0 | 0,0 | 100 | 25 |
| Íbúar Reykjavíkur | 41,3 | 14,6 | 4,8 | **41,6** | 100 | 1.314 |

Á töflu 1 má sjá að jafn margir íbúar eru óánægður með verkefnin eða segjast ekki þekkja til þeirra og þeir sem eru ánægðir. Íbúar Reykjavíkur eru óánægðari með þau en stjórnmálamenn og borgarstarfsmenn. Starfsfólk miðlægrar stjórnsýslu er óánægðara með Betri hverfi en aðrir og stjórnmálamenn ánægðari með Betri hverfi en Betri Reykajvík.

**Tafla 2: Telur þú mikilvægt eða telur þú það skipta litlu máli að íbúar Reykjavíkur geti haft áhrif á þróun nærumhverfis þeirra? (%)**

| | Mjög/frekar mikilvægt | Hvorki né | Skiptir litlu eða engu máli | Alls | N |
|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnmálamenn | **100,0** | 0,0 | 0,0 | 100 | 15 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **91,7** | 0,0 | 8,3 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | **88,5** | 3,8 | 7,7 | 100 | 26 |
| Íbúar Reykjavíkur | **97,0** | Ekki notað | 3,0 | 100 | 1.288 |

Á töflu 2 má sjá víðtækan einhug um að íbúar hafi áhrif á þróun nærumhverfis þeirra.

**Tafla 3: Telur þú mikilvægt eða telur þú það skipta litlu máli að Reykjavíkurborg veiti betri upplýsingar á vefsíðum sínum um eftirfarandi atriði? (%)**

| | Mjög/frekar mikilvægt | Hvorki né | Skiptir litlu eða engu máli | Alls | N |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stefnumótun:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **92,9** | 7,1 | 0,0 | 100 | 14 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **83,3** | 8,3 | 8,3 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | **96,0** | 4,0 | 0,0 | 100 | 25 |
| Íbúar Reykjavíkur | **90,0** | Ekki notað | 10,0 | 100 | 1.122 |
| **Fjárveitingar:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **100,0** | 0,0 | 0,0 | 100 | 14 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **91,7** | 0,0 | 8,3 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | **92,3** | 7,7 | 0,0 | 100 | 26 |
| Íbúar Reykjavíkur | **93,0** | Ekki notað | 7,00 | 100 | 1.140 |
| **Framgang verkefna:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **100,0** | 0,0 | 0,0 | 100 | 14 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **100,0** | 0,0 | 0,0 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | **96,2** | 3,8 | 0,0 | 100 | 26 |
| Íbúar Reykjavíkur | **92,0** | Ekki notað | 8,0 | 100 | 1.155 |

Á töflu 3 má sjá einhug varðandi frekari opnun Reykjavíkurborgar á tilgreindum málefnasviðum á vefjum sínum.

Hér fer á eftir upptalning á öðrum málum sem þátttakendur í könnununum vilja fá betri upplýsingar um á vef: Mál til umfjöllunar hverju sinni (aukið gegnsæi), mál í vinnslu, framkvæmdir á döfinni, bæta rafræna Reykjavík, áætlanir byggðar á stefnum, húsnæðis- og skipulagsmál, opna bókhaldið, skóla- og tómstundamál, samgöngu-, ferða- og gatnamál, velferðar- og heilbrigiðsmál, sorphirða og mokstur, framkvæmdir, þjónusta við íbúa, umhverfismál, s.s. magn úrgangs, orkunotkun, mávaeyðing og hamingjumælingar.

**Tafla 4: Telur þú mikilvægt eða telur þú það skipta litlu máli að stjórnmála- og borgarstarfsmenn Reykjavíkurborgar ræði við íbúa á vefsíðum borgarinnar um eftirfarandi atriði? (%)**

| | Mjög/frekar mikilvægt | Hvorki né | Skiptir litlu eða engu máli | Alls | N |
|---|---|---|---|---|---|
| **Stefnumótun:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **92,3** | 0,0 | 7,7 | 100 | 13 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **41,7** | 33,3 | 25,0 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | **60,0** | 16,0 | 24,0 | 100 | 25 |
| Íbúar Reykjavíkur | **78,0** | Ekki notað | 22,0 | 100 | 1.178 |
| **Fjárveitingar:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **84,6** | 7,7 | 7,7 | 100 | 13 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 25,0 | **41,7** | 33,3 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | **52,0** | 28,0 | 20,0 | 100 | 25 |
| Íbúar Reykjavíkur | **80,0** | Ekki notað | 20,0 | 100 | 1.176 |
| **Framgang verkefna:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **84,6** | 7,7 | 7,7 | 100 | 13 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **50,0** | 41,7 | 8,3 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | **60,0** | 24,0 | 16,0 | 100 | 25 |
| Íbúar Reykjavíkur | **81,0** | Ekki notað | 19,0 | 100 | 1.183 |

Á töflu 4 má sjá ótvíræðan áhuga stjórnmálamanna og íbúa á því að þeir og borgarstarfsmenn ræði við íbúa á vefjum sínum um tilgreind borgarmálefni. Áhugi borgarstarfsmanna er minni en afgerandi, en þó síst meðal starfsfólks miðlægrar stjórnsýslu.

Hér fer á eftir upptalning á öðrum málum sem þátttakendur í könnununum vilja að stjórnmálamenn og borgarstarfsmenn ræði við íbúa á vefnum: Mál til umfjöllunar hverju sinni (aukið gegnsæi), mál í vinnslu (í ferli), skóla- og tómstundamál, eftirlit með verkefnum og fjármálum, samgöngu-, ferða- og gatnamál, þjónusta við íbúa, sorphirða og mokstur, framkvæmdir, velferðar- og heilbrigiðsmál, umhverfismál, s.s. magn úrgangs, orkunotkun, starfsáætlanir, húsnæðis- og skipulagsmál, allt sem íbúar vilja ræða og nærumhverfi íbúa.

## 2. Spurningar sem eru aðeins í könnun Stofnunar stjórnsýslu og stjórnmála

**Tafla 5: Hvaða atriði hafa tekist vel eða illa í framkvæmd Betri Reykjavíkur? (%)**

| | Mjög/frekar vel | Hvorki né | Mjög/frekar illa | Alls | N |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kynningarmál:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | 14,3 | 14,3 | **71,4** | 100 | 14 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **46,2** | 38,5 | 15,4 | 100 | 13 |
| Stm. fagsviða | 31,8 | **50,0** | 18,2 | 100 | 22 |
| **Afgreiðsla og framkvæmd:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | 28,6 | **50,0** | 21,4 | 100 | 14 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 25,0 | **50,0** | 25,0 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | 39,1 | **47,8** | 13,0 | 100 | 23 |
| **Mótttaka erinda og flokkun:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **75,0** | 0,0 | 25,0 | 100 | 12 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **50,0** | 41,7 | 8,3 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | 34,8 | **43,5** | 21,7 | 100 | 23 |
| **Mikilvægi erinda:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | 0,0 | **54,4** | 45,5 | 100 | 11 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 36,4 | **45,5** | 18,2 | 100 | 11 |
| Stm. fagsviða | 8,7 | 39,1 | **52,2** | 100 | 23 |
| **Að hindra misnotkun:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **50,0** | 12,5 | 37,5 | 100 | 8 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 20,0 | **50,0** | 30,0 | 100 | 10 |
| Stm. fagsviða | 25,0 | **43,8** | 31,3 | 100 | 16 |
| **Þátttaka í forgangsröðuninni (Like):** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | 11,1 | 0,0 | **88,9** | 100 | 9 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 27,3 | **54,5** | 18,2 | 100 | 11 |
| Stm. fagsviða | 15,0 | **50,0** | 35,0 | 100 | 20 |

Á töflu 5 má sjá að stjórnmálamenn telja að tilgreind atriði verkefnisins Betri Reykjavík hafi í sumum tilvikum tekist mjög eða frekar vel en öðrum mjög eða frekar illa. Starfsfólk fagsviða metur árangurinn ekki ósvipað, en starfsfólk miðlægrar stjórnsýslu er meira hlutlaust í afstöðu sinni.

Þegar svarendur voru spurðir hvort þeir vildu taka afstöðu til hvort önnur atriði hefðu gengið vel eða illa svöruu þeir: Samstarfið við Íbúa ses, að svara erindum og að vekja áhuga borgarstarfsmanna.

**Tafla 6: Hvaða atriði hafa tekist vel eða illa í framkvæmd Betri hverfa? (%)**

| | Mjög/frekar vel | Hvorki né | Mjög/frekar illa | Alls | N |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kynningarmál:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **46,2** | 15,4 | 38,5 | 100 | 13 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **50,0** | 25,0 | 25,0 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | **50,0** | 27,3 | 22,7 | 100 | 22 |
| **Tímaramminn sem ferli málsins er ætlað:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **58,3** | 33,3 | 8,3 | 100 | 12 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 33,3 | **55,6** | 11,1 | 100 | 9 |
| Stm. fagsviða | 15,0 | 40,0 | **45,0** | 100 | 20 |
| **Mikilvægi erinda:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | 41,7 | **50,0** | 8,3 | 100 | 12 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 20,0 | **60,0** | 20,0 | 100 | 10 |
| Stm. fagsviða | 28,6 | **42,9** | 28,6 | 100 | 21 |
| **Að hindra misnotkun:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **66,7** | 11,1 | 22,2 | 100 | 9 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 12,5 | **62,5** | 25,0 | 100 | 8 |
| Stm. fagsviða | 25,0 | **50,0** | 25,0 | 100 | 16 |
| **Þátttaka í forgangsröðuninni (Like) við val á málum til kosninga:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **41,7** | 25,0 | 33,3 | 100 | 12 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 33,3 | **44,4** | 22,2 | 100 | 9 |
| Stm. fagsviða | 35,3 | **47,1** | 17,6 | 100 | 17 |
| **Kosningin sjálf:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **54,5** | 18,2 | 27,3 | 100 | 11 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **54,5** | 27,3 | 18,2 | 100 | 11 |
| Stm. fagsviða | **42,1** | 36,8 | 21,1 | 100 | 19 |

Á töflu 6 má sjá að hærra hlutfall svarenda telur að vel hafi tekist til en illa. Þó eru stjórnmálamenn ánægðastir með að hindra misnotkun og kosninguna sjálfa meðan borgarstarfsmennirnir eru óánægðari með flest atriði, einkum eru starfsmenn fagsviða óánægðir með tímaramman sem verkefnunum er ætlað.

Þegar svarendur voru spurðir hvort þeir vildu taka afstöðu til hvort önnur atriði hefðu gengið vel eða illa svöruu þeir: Samstarfið við Íbúa ses, of lítill munur er á Betri Reykjavík og Betri hverfum, fjöldi kosninga og að vekja áhuga borgarstarfsmanna.

**Tafla 7: Hvaða aðilar innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar eiga að stjórna og framkvæma samráð við íbúa um framkvæmdir í nærumhverfi? (%)**

| | Stjórnmálamenn og miðlæg stjórnsýsla fremur en fagsvið | Báðir aðilar | Fagsvið fremur en stjórnmálamenn og miðlæg stjórnsýsla | Alls | N |
|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnmálamenn | **57,1** | 28,6 | 14,3 | 100 | 14 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 16,7 | **50,0** | 33,3 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | 11,5 | 42,3 | **46,2** | 100 | 26 |

Á töflu 7 má sjá að meirihluti stjórnmálamanna telur að þeir og miðlæg stjórnsýsla eigi að stjórna og framkvæma samráð við íbúa um framkvæmdir í nærumhverfi þeirra, en borgarstarfsmenn telja mikið frekar að fagsvið eigi að annast þær og einkum þó starfsfólk fagsviða.

**Tafla 8: Hvaða aðilar innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar eiga að ræða við og skýra fyrir íbúum almenn borgarmálefni (pólitísk mál)? Og hvaða aðili á að taka á móti erindum íbúa almennt, t.d. varðandi nærumhverfi eða minniháttar mál? (%)**

| | Stjórnmálamenn fremur en embættismenn | Báðir aðilar | Embættismenn fremur en stjórnmálamenn | Alls | N |
|---|---|---|---|---|---|
| **Borgarmálefni (pólitísk mál):** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **61,5** | 38,5 | 0,0 | 100 | 13 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **50,0** | **50,0** | 0,0 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | **65,4** | 23,1 | 11,5 | 100 | 26 |
| **Erindi íbúa almennt:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | 23,1 | **46,2** | 30,8 | 100 | 13 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 0,0 | 25,0 | **75,0** | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | 11,5 | 19,2 | **69,2** | 100 | 26 |

Á töflu 8 má sjá að meirihluti svarenda telur að stjórnmálamenn eigi að ræða borgarmálefni við íbúa og fáir eru annarrar skoðunar. Hins vegar telur mikill meirihluti borgarstarfsmanna að þeir eigi að sinna erindum íbúa almennt og stjórnmálamenn eru nær því að vera hlutlausir um það atriði.

**Tafla 9: Finnast þér önnur gagnvirk samskipti og afgreiðsla/þjónusta Reykjavíkurborgar við íbúa á rafrænum miðlun hafa tekist vel til eða illa? (%)**

| | Mjög/ frekar vel | Hvorki né | Mjög/ frekar illa | Alls | N |
|---|---|---|---|---|---|
| **Vefur Reykjavíkurborgar:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | 25,0 | 8,3 | **66,7** | 100 | 12 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **58,3** | 25,0 | 16,7 | 100 | 12 |
| Stm. fagsviða | 13,0 | 26,1 | **60,9** | 100 | 23 |
| **Rafræn Reykjavík / Mínar síður:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | 20,0 | 30,0 | **50,0** | 100 | 10 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **66,7** | 11,1 | 22,2 | 100 | 9 |
| Stm. fagsviða | 30,0 | **35,0** | **35,0** | 100 | 20 |
| **Borgarvefsjá:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **91,7** | 0,0 | 8,3 | 100 | 12 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | **88,9** | 11,1 | 0,0 | 100 | 9 |
| Stm. fagsviða | **76,2** | 9,5 | 14,3 | 100 | 21 |
| **Vefir Höfuðborgarstofu:** | | | | | |
| Stjórnmálamenn | **57,1** | 14,3 | 28,6 | 100 | 7 |
| Stm. miðl. stjórnsýslu | 33,3 | **66,7** | 0,0 | 100 | 6 |
| Stm. fagsviða | 33,3 | **41,7** | 25,0 | 100 | 12 |

Á töflu 9 má sjá að meirihluti svarenda tekur að tekist hafi frekar eða mjög illa til með vef Reykjavíkurborgar og um helmingur eða tæplega það að rafræn Reykjavík hafi einnig tekist illa. Starfsfólk miðlægrar stjórnsýslu er lang jákvæðast í garð kerfanna. Hins vegar er almenn ánægja með borgarvefsjá og stjórnmálamenn eru að meirihluta ánægðir með vefi höfuðborgarstofu, en borgarstarfsmenn nokkru síður.

Þegar svarendur voru spurðir hvort þeir vildu taka afstöðu til hvort önnur atriði hefðu gengið vel eða illa svöruu þeir: Lóðavefur (hann er sagður óskýr varðandi hvaða lóðir eru í boði), ábendingagátt, Facebook og framkvæmdasjá.

## 3. Athugasemdir svarenda

Fram kom í athugasemdum að hugmyndirnar í Betri Reykjavík væru farnar að koma aftur og aftur fram og þær sem væru nýjar of léttúðlegar til þess að taka vinnutíma starfsfólks. Þá var nefnt að uppbyggingin væri ruglingsleg, betra væri að hafa eina gátt fyrir hugmyndir. Þá kom fram að forgangsröðun sárafárra íbúa væri ekki lýðræðisleg leið í samráði. Þá var nefnt að lýðræði mætti ástunda á öðrum vettvangi en varðandi erindi íbúa á netinu. Í því sambandi var nefnt að úrræðin næðu ekki til þeirra sem notuðu netið lítið. Einnig að töluvert flókið væri að greina mál niður á málaflokk og svið og þarf raunar innanhússþekkingu til þess ef vel á að vera. Tímaramminn fyrir Betri hverfi sé of þröngur, þátttaka í forgangsröðunum lítil og áhuga borgarstarfsmanna ábótavant. Þá kom fram að mörg verkefnanna eru smáverkefni sem hvort sem er eru á viðhaldslista umhverfis- og skipulagssviðs og ekki ástæða til þess að kjósa um.